



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Pyts

Stjórnarfundur miðvikudagurinn 28. apríl 2021

Fundur hófst: 20:15

Fundi slitið: 22:30

**Fundinn sátu:** Arnar Þór Stefánsson (APS), Hulda Stefanía Hólm (HSH), Margrét Birna Þórarinsdóttir (MBP), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Jón Kristinn, Tryggvi, Ríkhartur Ólafsson (RÓ).

Fundargerð ritaði: MBP

1. Greiða atkvæði um fundargerðir 14.04.2021.  
Fundargerð samþykkt.
2. Staða kynningarefnis fyrir 2021
  - a. Smávægileg fínþússun eftir á bæklingi og upplýsingabæklingi, ákveðið að panta 1000 bæklinga og 3-4 mismunandi plaggöt sem verða færð til reglulega yfir sumarið með yfirsýn yfir starf
  - b. 1000 stykki af bæklingum verða pantaðar. Dreifa vísvegar um Hafnarfjörð og nágrennasveitafélög.
3. Undirbúningur fyrir sumarstarfið
  - a. Hver deild gerir leiðbeiningaefni um frágang báta.
  - b. Fyrirhugað að setja upp skjá sem birtir upplýsingar fyrir félagsmenn t.d. um veður og sjávarstöðu, hitastig sjávar o.s.frv. .
  - c. Fjóra fullorðna þarf til að stýra sumarstarfinu. Óskað hefur verið eftir fundi með ÍTH, staðfesting á fundatíma hefur ekki borist.
4. Staðan á viðhaldi báta fyrir sumarið
  - a. Verið að gera alla báta tilbúna fyrir sumarið, undirbúningur í vinnslu í öllum deildum.
  - b. Viðhald á Costco kajökum stendur yfir en sig on top eru í góðu standi. Árabátar eru tilbúnir. Tveir Wayfarer notaðir í sumar. Þarf að taka gamla Wayfarer upp og þrifa fyrir sumarið. Nýr Wayfarer er tilbúinn.
  - c. Unnið að lagfæringu á kjölbátum.
  - d. Staðan á gæslubátum. Laga gírskiptingu fyrir sumarið. Einn með lausa pylsu og verður varabátur í sumar. Þriðji er ekki í nógu góðu standi, safnar vatni. Gæslubátar tilbúnir fyrir 6. bekkja kynningu
5. 6. bekkjar boðið
  - a. 22 bekkir hafa boðað komu sína u.þ.b. 500 nemendur.
  - b. Pétur er að útbúa skráningarblað svo félagar geti skráð sig á kynningardaga, 2-3 fullorðir verða að stýra heimboði hverju sinni.
  - c. Hver bekkur sem kemur í heimsókn fær hnútaband og hver bekkur fær sitt eintak að Optimista bókinn mín að loknu heimboði.
6. Optimist bókinn mín prentun
  - a. Ein bók fyrir hvern iðkanda á sumarnámskeiði, hver bekkur sem kemur í 6. bekkja boðið fær eitt eintak af bókinni. Samþykkt að taka allavega 500 bækur en fá líka tiloð í 800 bækur.
7. ÍBH og Ragnar (gjaldkeri íbh) og skilgreining á iðkendum
  - a. Fundi með aðilum úr stjórn ÍBH frestað þar sem þingi ÍBH var frestað þar til í haust.
8. Setja inn upplýsingar í Felix fyrir 2020 og skila gögnum til ÍBH
  - a. MP og HSH sjá til þess að skrá og setja upplýsingar í Felix.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Pyts

9. Persónuverndarmál og varsla persónugreinanlegra upplýsinga
  - a. Persónuverndarmál rædd. Rætt að fá lögfræðing til að gefa álit. Samþykkt að ræða nánar á fundi með foreldrum iðkandi, þar sem samþykki á myndum og fyrirkomulag verður útfært nánar.
10. Önnur mál
  - a. Endurskoðun trygginga. Gjaldkeri vinnur að endurskoðun trygginga hjá núverandi tryggingafélagi og hefur óskað eftir tilboðum frá öðrum tryggingarfélögum.
  - b. Opið hús. Ekki hægt að auglýsa opið hús vegna sóttvarnarreglna. Gæslubátar verða úti á fyrirhuguðum tímasetningu svo félagsmenn geti nýtt sér útiveru á þeim tíma.
  - c. Gjaldkeri ætlar að setja sig í samband við Atlasolíu sem býður hagstæðara verð á bensíni en ÓB.
  - d. Stjarnan. Kaup á Stjörnunni rædd.
  - e. Markús fékk bréf frá mannauðsstjóra HAFRÓ með athugasemd um börn sem stökkva af þeirra bátum. Markús hefur sett sig í samband við Lúðvík um leiðir til að stöðva þessa hegðun. Hér er ekki um að ræða börn á vegnum Pyts. Markús hefur prentað út bréf sem er sýnilegt iðkendum.